

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2012

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð:

Aðalfulltrúar:

Gísli Ó. Valdimarsson formaður
Steingrímur Steingrímsson varaformaður
Jón Bjarni Þorsteinsson
Margrét Halldórsdóttir
Guðmundur Sigurðsson
Gnýr Guðmundsson frá 15. október 2012
Gísli Gíslason

Varafultrúar:

Sigmundur Halldórsson frá 5. júlí 2012
Þór Ásgeirsson
Ingibjörg Hauksdóttir
Þórir Bergsson
Gísli Gunnarsson
Bryndís Skúladóttir
Richard Hansen

Samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlit skiptast Hafnarfjarðarbær og Kópavogsbær á að tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn.

Heilbrigðiseftirlit tekur til eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Heilbrigðisnefnd ber að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Með vísun til þessara markmiða er eftirlit, vöktun og fræðsla þeir grunnþættir sem unnið er út frá í þverfaglegu starfi stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs. Jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Heilbrigðisnefnd hélt 9 fundi á árinu. Til umræðu komu 484 dagskrárliðir. Mál tengjast stundum fleiri en einum málaflokki og einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárliðir verið greindir samkvæmt helstu málefnaflokkum.

Hollustuhættir, varasöm efni, gæludýrahald, tóbaksvarnir o.þ.h.	195
Matvælamálefni	128
Umhverfismál	136
Rekstur og stjórnsýsla	25

Í lok árs 2012 voru á skrá heilbrigðiseftirlitsins 1413 fyrirtæki, stofnanir eða starfsemi sem sinna á í reglubundnu eftirliti. Af þeim fengu 704 eftirlitsheimsóknir á árinu. Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg. Taka mið af áhættu, niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um 1330 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok og voru farnar 1322 eftirlitsferðir til umræddra 704 aðila. Til viðbótar var farið í 220 eftirlitsferðir á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið eða í ljós kom að starfseminni var annað hvort hætt, starfsemin hafði breyst á þann veg að eftirlit átti ekki lengur við eða starfsemin hætti síðar á árinu. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins um fjölda fyrirtækja, stofnana og starfsemi. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága (skipavottorða) og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi, samkvæmt nánari skilgreiningum á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Starfsleyfi sem heilbrigðisnefnd veitir voru 1267 í árslok og 82 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Jafngildir það að rúmlega 95% starfsleyfisskyldrar starfsemi er með leyfi eða starfsleyfi í vinnslu. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfiskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Á það við um atvinnurekstur sem valdið getur mengun. Oftast er um óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við borið við starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun. Einn mælikvarði á virkni stjórnsýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi á hverjum tíma. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum

margvíslegum ástæðum. Á árinu var á þriðja tug innkallana á matvælum af markaði vegna vanmerkinga og innihaldsefna sem voru óleyfileg.

Við matvælaeftirlit er heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku. Á árinu voru tekin til örverugreininga 67 sýnishorn vegna eftirlits með matvöru á markaði. Athugun hófst á því hvort vörur innihéldu erfðabreytt matvæli án þess að getið væri um það á umbúðum. Auk þess voru notaðar rúmlega 200 ræktunarskálar í hreinlætiseftirliti í mótuneytum og veitingastöðum. Ræktunarskálar hafa reynst vel til að sýna fram á nauðsyn hreinlætis.

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta. Tekin voru á árinu 103 sýnishorn til mælinga í þeim tilgangi. Einnig voru tekin sýnishorn vegna heildarúttektar á efnasamsetningu. Sýnishornin eru tekin á mismundandi árstímum, bæði úr vatnsbólum og dreifkerfinu. Gæði neysluvatns í umdæminu er gott og styrkur allra efna er innan hámarksgilda reglugerðar nr. 536/2001, um neysluvatn. Upplýsingar um niðurstöður mælinga er birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið úrskurðaði snemma árs vegna stjórnslukæru í framhaldi af innheimtu eftirlitsgjalds fyrir matvælaeftirlit 2011. Í úrskurðarorðum kom fram að ákvörðun um álagningu á eftirlitsgjaldi vegna matvælaeftirlits sbr. 25. gr. laga um matvæli nr. 93/1995 var staðfest. Þeim hluta kæru er varðar útreikning á fjárhæð gjalds og túlkun á ákvæðum gjaldskrár nr. 1105/2010 fyrir matvæla-, heilbrigðis-, og mengunarvarnaeftirlit í sveitarfélaginu Álftanesi, Garðabæ, Hafnarfjarðarkaupstað og Kópavogsbæ var vísað frá.

Í desembermánuði fór fram ítarleg úttekt ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, á framkvæmd eftirlits í umdæminu með framleiðslu og notkun umbúða sem koma í snertingu við matvæli. Náði úttektin til vinnuferla við eftirlitið og fóru úttektarmenn í þrjár vettvangsskoðanir með starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins. Eftirlitsstofnunin gefur út skýrslu um niðurstöður sínar úr úttektinni á fyrri hluta árs 2013.

Heilbrigðisfulltrúi er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits milli eftirlitssvæða. Hópurinn kom saman fimm sinnum á árinu. Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem hægt er að tengja starfsemi í umdæminu. Slík samstarfsverkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Könnun á innra eftirliti í matvælafyrirtækjum
- Sjálfsafgreiðslubarir í smásöluverslunum
- Rekjanleiki og innköllun

Stefnt er að því að ljúka skýrslugerð vegna verkefnanna fyrir marslok 2013.

Heilbrigðisfulltrúi hefur tekið þátt í norrænu verkefni varðandi matsveppi. Lokaskýrsla verkefnisins verður í tveimur hlutum. Skýrsla I er hugsuð sem leiðbeiningar fyrir fyrirtæki sem flytja inn og/eða dreifa matsveppum og einnig fyrir opinbert matvælaeftirlit. Þar er m.a. að finna gátlista sem ætlað er að hjálpa fyrirtækjum við að koma upp innra eftirliti til að tryggja öryggi matvælna. Einnig er að finna lista yfir sveppi sem má selja á markaði ásamt myndum. Skýrsla I er birt á ensku, íslensku, dönsku, norsku og sænsku. Í skýrslu II er að finna bakgrunnsupplýsingar, þ.á.m. áhættumat fyrir 100 yfirtegundir sveppa. Þeim hluta er ekki að fullu lokið en unnið er að því að ljúka áhættumati. Skýrsluna má finna á vef Norrænu ráðherranefndarinnar, www.norden.org

Heilbrigðisfulltrúi sótti árlega norræna eftirlitsráðstefnu um matvælaeftirlit sem haldin var í Finnlandi árið 2012 og flutti þar erindi um samræmd eftirlitsverkefni hér á landi.

Meðhöndlun og dreifing matvæla á sér stað í sumum fyrirtækjum sem flokkast hér s.s. í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarna búnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

Á árinu bárust 12 beiðnir frá sýslumönnum um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir gististaði samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007. Um er að ræða fjögur gistiheimili, fimm gististaði á einkaheimilum og einn gistiskála. Allt gististaðir án veitingasölu. Heilbrigðisnefnd mælti gegn leyfi til reksturs gistiskála þar sem um var að ræða útleigu á íbúðarherbergjum við ófullnægjandi aðstæður. Þrjár umsagnir voru gerðar vegna tækifærisleyfis vegna tónleikahalds og tvær vegna annarra skemmtana án veitingasölu. Veitingastaðir og gististaðir, þar sem matvæli eru á boðstólum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki og var fjallað um umsagnir þar sem veitingasala fer fram í kaflanum um matvæli.

Kvartanir vegna heilbrigðis- og hollustuháttamála voru 250 á árinu. Flestar, 62, voru vegna íbúðarhúsnæðis. Kvartanir og fyrirsurnir vegna tengsla íbúðarhúsnæðis og heilsu hefur verið að fjölga. Kvartað var 46 sinnum vegna dýrahalds eða flækingsdýra annars en hundahalds. Óþægindi vegna óþrifnaðar við rekstur fyrirtækja eða þjónustu leiddi til 31 kvörtunar og 2 ábendingar voru vegna varasamra efna í sölu. Kvartanir og ábendingar vegna meindýra voru 10. Auk þess eru almennar kvartanir 75 en þeim hefur fækkað verulega milli ára. Flestar í þeim flokki eða 24 eru vegna sorps og úrgangs. Vegna slæmrar umgengni um lóðir voru 20. Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Kvartað var 13 sinnum vegna farartækja sem skilin voru eftir í misjöfnu ástandi á almannafæri og voru almenningi til ama. Veruleg fækkun hefur orðið í þessum kvartanaflokki milli ára. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkrum tugum bifreiða án númera sem skildar hafa verið eftir á almannafæri. Slíkum afskiptum hefur fækkað verulega undanfarin misseri.

Umhverfis- og auðlindaráðherra staðfesti heilbrigðissamþykkt nr. 1186/2012 um gæludýra- og húsdýrahald í Hafnarfirði. Tekur sú samþykkt til hollustuhátta- og mengunarvarnamála varðandi annað gæludýrahald en hunda og katta. Margt bendir til að gæludýrahald sé að aukast. Staðfest hefur verið heilbrigðissamþykkt um kattahald nr. 432/2012 í Garðabæ. Fyrir voru í gildi samþykkt nr. 430/2011 fyrir Hafnarfjörð, nr. 969/2010 fyrir Kópavogsbæ og nr. 943/2004 fyrir Álftanes. Kvartanir voru 22 um óþægindi vegna kattahalds á árinu.

Um áramótin 2012-2013 voru á skrá 2371 hundur í umdæmi heilbrigðisnefndar. Fjölgun um 41 hund er að ræða frá árinu áður en hafa verður í huga að afskráningar berast oftast upp úr áramótum. Eigendur 1420 hunda hafa sótt námskeið í hundauppeldi og 8 hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstafa. Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls bárust 115 kvartanir vegna hunda á árinu. Aðal umkvörtunarefnið var um lausa hunda eða í 51 tilviki. Til meðferðar á árinu komu 4 mál sem tengjast verulegum ógnunum eða árásar hunds á fólk eða dýr en slík mál koma einnig oft til afskipta lögreglu. Endanlegar lausnir þessara mála geta verið mjög breytilegar eftir ástæðum og útheimt mikla aðkomu eftirlits. Í einu tilfalli af ofangreindum fjórum málum reyndist nauðsynlegt fyrir eftirlitið að láta aflífa dýrið. Í öðru tilfalli fór eigandi með dýr sitt í fullnægjandi þjálfun að loknu skapgerðarmati og í því þriðja var dýrinu fundið annað heimili. Fjórða málinu er ekki lokið en það er til meðferðar hjá ákærvaldinu.

Búfjárefntirlit samkvæmt ákvæðum laga um búfjárhald er í umsjón heilbrigðiseftirlitsins. Lítil breyting hefur orðið í umfangi búfjárhalds milli ára.

Á árinu 2012 voru 9 kvartanir skráðar vegna tóbaksmálefna. Fimm kvartanir voru um sölu tóbaks til ungmenna. Aðrar kvartanir voru:

- um að ungmenni væru neydd til að selja tóbak í verslun,
- að á boðstólum væri eftirlíking á tóbaksvöru í formi sælgætis,
- að tóbaksreykingar væru heimilaðar í veitingahúsi þrátt fyrir ákvæði laga,
- að sóðaskapur væri utan dyra í næsta nágrenni vegna tóbaksreykinga nemenda í framhaldsskóla.

Í niðurstöðum stöðumatsskýrslu úr eftirliti í lok sumars 2012 með smásölu á tóbaki hjá 52 sölustöðum sem þá voru í umdæminu kom í ljós að tóbak reyndist sýnilegt viðskiptavinum á sjö sölustöðum. Í 12% tilvika var gerð athugasemd við að auglýsingu vantaði um bann við að afhenda einstaklingi yngri en 18 ára tóbak. Í ljós kom að 34% sölustaða tóbaks voru með afgreiðslufólk yngra en 18 ára við afgreiðslustörf á svæðum þar sem tóbak er selt. Við slíkar aðstæður má ekki leika vafi á að ungmennin mega ekki hafa aðgang að sölu vörunnar.

Samtök verslunar og þjónustu gerðu alvarlegar athugasemdir varðandi túlkun heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna eftirlits með framkvæmd og fyrirkomulagi verslana varðandi sölu á tóbaki. Töldu samtökin m.a. túlkun heilbrigðiseftirlitsins hvorki eiga stoð í löggjöf, hvort sem það er tóbakslöggjöf eða löggjöf varðandi vinnu barna og ungmenna, né heldur í lögskýringargögnum. Einnig að umrædd túlkun gangi gegn grundvallarreglum stjórnisýsluréttarins, sér í lagi lögmætisreglu stjórnisýslulaga. Í byrjun árs 2013 barst álit Velferðarráðuneytisins sem styrkti áherslur heilbrigðiseftirlitsins í eftirliti með að ungmennum verði ekki falin smásala á tóbaki.

Umhverfiseftirlit

Alls 78 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða:

30 umsóknir voru fyrir nýja starfsemi.

35 umsóknir voru vegna endurnýjunar, breytingar á starfsemi og endurskoðunar.

13 fyrir tímabundna starfsemi.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu 2012.

	Álftanes	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls
Bilgrein		3	14	12	29
Efnaiðnaður, prentun og framköllun		2	1	2	5
Kjöttvinnsla o.þ.h.				2	2
Fiskvinnsla			4		4
Málmiðnaður og verkstæði		4	3	6	13
Trésmíðaverkstæði				1	1
Tannlæknastofur			1		1
Jarðefna, steinvinnsla og einingaverksmiðja		1	1		2
Skólp og úrgangur			1	1	2
Annað		1	3	2	6
Tímabundin starfsemi*	1	3	2	7	13
Alls	1	14	30	33	78

*Tímabundin starfsemi er niðurrif á húsum og brennur. Auk þess voru veittar 8 umsagnir til lögreglu vegna áramótabrenna og flugeldasýninga.

Eftirfarandi umsagnir voru veittar til stofnana og viðkomandi nefnda sveitarfélaga:

1. Nefndarsviðs Alþingis um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum.
2. Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna aðgengis ferðamanna, aðkomuvegar, þjónustumiðstöðvar og aðstöðu til skoðunar "Þríhnúkagígs, Kópavogsbæ.

sambanda. Hægt er að skoða niðurstöður mælinga á hverjum tíma á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Einnig fara þar fram mælingar á flúor.

Um langt árabil hefur verið sinnt eftirliti með brennuhaldi. Með þeirri aðkomu hefur tekist að stuðla að því að verulega hefur dregið úr loftmengun um áramót og á þrettándanum. Undanfarin ár hefur auk þess komist á gott samstarf um þessi mál milli heilbrigðiseftirlits á höfuðborgarsvæðinu, lögreglu, brennuhaldara og slökkviliðs.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengun voru 82 og er sá flokkur fjölbreytilegur. Um helmingur var vegna starfsemi fyrirtækja sem eru starfsleyfis skyld samkvæmt reglugerðum um mengunarvarnir. Hluti annarra kvartana tengdist annarri starfsleyfis skyldri starfsemi. Þannig voru 15 kvartanir undan ónæði vegna hávaða og þá flestar frá veitingastöðum og íþróttahúsum. Vandamál er tengjast lykt eða ólykt eru sem fyrr áberandi í kvörtunum undan atvinnustarfsemi eða 30 kvartanir. Þær skiptust nokkuð jafnt á milli hausapurkunar (10), kjötvinnsla og annarrar matvælavinnslu (9) og iðn- og úrgangsfyrirtækja (11). Eftir aðgerðir og úrbætur ársins er von til að slíkum kvörtunum muni fækka verulega milli ára. Fjögur atvik eru skráð sem mengunaróhöpp, efnaslys eða minniháttar olúóhöpp. Þá sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mengunarslysum og óhöppum til viðbótar sem ekki eru í þessum tölum.

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 7 fundir þar sem fjallað var um samræmingu mengunarvarnaeftirlits og umhverfisviðmiða.

Á árinu lauk hópurinn við gerð þriggja skýrslna um samræmt mengunarvarnaeftirlit. Voru tvær um eftirlit í efnalaugum og í bifreiðasprautuverkstæðum en undirbúningur og gagnasöfnunin fór fram á árinu 2011 en teygðist inn á árið 2012. Í þriðju skýrslunni voru dregnar saman niðurstöður úr sameiginlegu rannsóknarverkefni er beindist að hreinsivirkni í olúskiljum. Til að undirbúna verkefnið var unnin sérstök úttekt á vegum heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis til að sannprófa þá aðferðarfræði sem vinna átti eftir og síðan komu fulltrúar umhverfisgæðahóps saman til að samræma vinnulag og framkvæmd við verkefnið. Skýrslur þessar eru birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlits.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlit annað hvert ár. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 302 samkvæmt eftirfarandi flokkun. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar.

Mengunarvarnaeftirlit Fjöldi staða 31.12.2012. áætlaður fjöldi eftirlitsferða og skráðar eftirlitsferðir

	Málm- og bilgrein	Efna- og tímberið.	Fóður-og matvæli	Jarðefna- vinnsla	Úrgangs- mál	Annað*	Samtals
Fj. staða	338	144	34	11	21	29	577
Fj. staða sem fengu eftirlit	134	30	14	3	9	13	203
Fj. eftirlitsferða	207	43	21	3	11	17	302

*Annað er s.s. vöruhegrymslur, íþróttasvæði og starfsemi tengd dýrahaldi.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna þar með talið umhverfisvöktunar með vatnsgæðum, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2012 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 59.248.335 eða 70 % af rekstrarkostnaði. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr. 22.724.577 og tekjur kr. 23.734.285.